

Stéttarfélag Vesturlands

Orlofssjóður

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna	4 - 5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7 - 8
Sjóðstreymi	9
Skýringar	10 - 12
Sundurliðanir	13

Skýrsla stjórnar

Stéttarfélag Vesturlands var stofnað í maí 2006.

Orlofssjóður Stéttarfélags Vesturlands er fjárhagslega sjálfstæður sjóður í starfsemi félagsins.

Rekstrartekjur sjóðanna á árinu 2018 námu kr. 21 millj. Neikvæð rekstrarniðurstaða ársins nam kr. 3,5 millj. í samanburði við kr. 1,3 millj. árið 2017. Heildareignir samstæðunnar námu í árslok kr. 92,6 millj. og eigið fé var jákvætt um kr. 99,9 millj.

Sjóðurinn greiddi engin laun á árinu en umsjón með fjárreiðum og bókhaldi var á vegum Félagssjóðs

Ráðstöfun á rekstrarafgangi

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi ráðstöfun á rekstrarniðurstöðu ársins.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins á árinu, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Orlofssjóðs Stéttarfélags Vesturlands og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með áritun sinni.

Borgarnesi, 22/4 2019.

Stjórn:

Formaður / framkvæmdarstjóri

Sigrún F. Harmsdóttir
María H. Guðmundsd.
Sigrún Reyrisdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Stéttarfélags Vesturlands.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orlofssjóðs Stéttarfélags Vesturlands fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Stéttarfélagi Vesturlands í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Stéttarfélags Vesturlands. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Borgarnesi, ^{23.4.}2019.

Enor ehf.




Björn Óli Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Stéttarfélags Vesturlands höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2018 og leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Borgarnesi, ^{17/4}2019.



Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrartekjur			
Orlofssjóðsiðgjöld		16.684.234	14.904.515
Orlofshúsaleiga		4.636.123	3.850.543
		21.320.357	18.755.058
 Rekstrargjöld			
Rekstur orlofshúsa		13.109.196	9.239.723
Annar kostnaður		1.720.430	1.721.319
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði		4.293.658	4.107.597
Afskriftir	3	4.298.751	4.298.751
		23.422.035	19.367.390
 Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(2.101.678)	(612.332)
 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og verðbætur		542.076	470.966
Vaxtagjöld og verðbætur		(1.929.336)	(1.201.746)
		(1.387.260)	(730.780)
 Rekstrarniðurstaða ársins	6	(3.488.938)	(1.343.112)

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr.	<u>31.12.2018</u>	<u>31.12.2017</u>
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Orlofshús	3	80.129.762	84.428.513
Eignarhlutir í sameiginlegum rekstrarfélögum	4	2.585.454	2.391.630
		<u>82.715.216</u>	<u>86.820.143</u>
Veltufjármunir			
Útistandandi iðgjöld	5	1.672.001	1.889.659
Bundin innlán		8.168.822	11.161.468
		<u>9.840.823</u>	<u>13.051.127</u>
Eignir samtals		<u>92.556.039</u>	<u>99.871.270</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eigið fé og skuldir	Skýr.	<u>31.12.2018</u>	<u>31.12.2017</u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	6	79.423.062	82.912.000
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Skuld við Sjúkrasjóð		13.132.977	16.959.270
Skuldir samtals		13.132.977	16.959.270
Eigið fé og skuldir samtals		<u>92.556.039</u>	<u>99.871.270</u>

Sjóðstreymi ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar):			
Rekstrarniðurstaða ársins		(3.488.938)	(1.343.112)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		4.298.751	4.298.751
Hlutdeild í afkomu sameiginlega rekstrarfélaga		(193.824)	(39.784)
		615.989	2.915.855
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		217.658	806.998
Handbært fé frá rekstri		833.647	3.722.853
Fjármögnunarhreyfingar			
Staða við Sjúkrasjóð, breyting		(3.826.293)	(4.195.925)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(2.992.646)	(473.072)
Handbært fé í ársbyrjun		11.161.468	11.634.540
Handbært fé í lok ársins		8.168.822	11.161.468

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Stéttarfélag Vesturlands er félag sem starfar á grundvelli laga nr. 80/1938 um Stéttarfélög og vinnudeilur. Starfsemi félagsins felst í að vinna að sameiginlegum hagsmunum félagsmanna í stéttarfélaginu.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Orlofssjóðs Stéttarfélags Vesturlands er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skráning tekna

Iðgjöld eru færð til tekna eins og þau falla til eftir tímabilum samkvæmt skilgreinum. Tekjur af leigu orlofhúsa eru innleystar þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að félagið muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum á uppgjördsdegi.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum endingartíma eigna að teknu tillits til áætlaðs hrakvirðis. Afskriftaraðferðir, endingartími og áætlað hrakvirði er metið árlega.

Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði og fellur undir aðrar tekjur í rekstrarreikningi. Við sölu varanlegra rekstrarfjármuna sem hafa verið endurmetnir, er endurmatið fært á óráðstafað eigið fé.

Skýringar

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir frh.

Óinnheimt iðgjöld

Óinnheimt iðgjöld eru færð á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef iðgjaldakröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Handbært fé

Handbært fé og ígildi þess er fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstandur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Húseignir
Bókfært verð í ársbyrjun	84.428.513
Afskriftir	(4.298.751)
Bókfært verð í árslok	80.129.762
Bókfært verð í lok ársins greinist þannig:	
Kostnaðarverð	107.468.775
Afskrifað samtals	(27.339.013)
Bókfært verð í árslok	80.129.762
Afskriftahlutföll	4,0%

Fasteigna- og vátryggingamat eigna

Fasteignir félagsins í árslok 2018 voru eftirtaldar:

	Fasteigna- mat, hús	Fasteigna- mat, lóð	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Ásatún 26	37.490.000	3.560.000	36.750.000	26.411.792
Ásholt 2	35.540.000	7.380.000	38.170.000	20.493.680
Kiðárskógur 1	19.920.000	3.130.000	22.350.000	14.412.384
Kiðárskógur 10	28.820.000	3.130.000	31.150.000	16.387.740
Ölfusborgir	12.110.243	172.777	20.300.000	2.424.166
	133.880.243	17.372.777	148.720.000	80.129.762

4. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Eignarhluti	Fært á rekstur	Bókfært verð
Ásholt 2	1,85%	(195.617)	42.861
Ölfusborgir	2,78%	389.441	2.542.593
		193.824	2.585.454

Skýringar

5. Skammtímakröfur

Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:	2018	2017
Niðurfærsla í upphafi árs	787.107	896.001
Sannarlega tapaðar kröfur	-84.898	-83.840
Niðurfærsla ársins, breyting	-21.856	-25.054
Niðurfærsla í árslok	680.353	787.107

6. Eigið fé

Breytingar á eiginfjárreikningi var eftirfarandi:	2018	2017
Staða í upphafi árs	82.912.000	84.255.112
Rekstrarniðurstaða ársins	(3.488.938)	(1.343.112)
Staða í lok árs	79.423.062	82.912.000

Sundurliðanir

	2018	2017
Rekstrargjöld		
Sjúkradagpeningar og styrkir		
Rekstur og árgjald orlofsbúðar að Ásatúni 26	5.808.955	1.243.956
Rekstur og árgjald orlofsbúðar að Kiðársskógi 1	1.580.139	3.108.037
Rekstur og árgjald orlofsbúðar að Kiðársskógi 10	2.069.891	1.776.763
Rekstur og árgjald orlofsbúðar að Ölfusborgum	1.899.646	1.583.832
Rekstur og árgjald orlofsbúðar að Ásholti 2	1.944.389	1.566.919
Hlutdeild í afkomu rekstrarfélaga	(193.824)	(39.784)
	<u>13.109.196</u>	<u>9.239.723</u>
Annar kostnaður		
Rekstur orlofsvefs	587.052	614.091
Endurskoðun og reikningsskil	766.746	620.800
Orlofsávísanir	254.477	389.955
Niðurfærð og afskrifuð iðgjöld	21.855	(25.054)
Veiðileyfi og útileigukort	90.300	66.500
Annar kostnaður	0	55.027
	<u>1.720.430</u>	<u>1.721.319</u>

